

BLACKBERRY TRAVEL VIÐAUKI

Research In Motion Limited eða einu af tengdum fyrirtækjum þess („RIM“) er ánægja að gera aðgengilegan fyrir þig persónulega, eða ef þú hefur umboð til, að fá hugbúnað viðskiptavinar (eins og hann er skilgreindur hér að neðan) fyrir hönd fyrirtækis þíns eða annars aðila, sem þá er sá aðili sem þú starfar fyrir (í báðum tilvikum, „Þú“), BlackBerry Travel hugbúnaðinn („Hugbúnaður viðskiptavinar“) sem auðveldar notkun vissra lófatölva til að fá aðgang að, gerast áskrifandi að og nota ferðaþjónustu BlackBerry (ásamt hugbúnaði viðskiptavinar, „BlackBerry Travel“).

BlackBerry Travel er samansett úr BlackBerry hugbúnaði fyrir lófatölvur og þjónustu eins og slíkir skilmálar eru skilgreindir skv. núverandi útgáfu af Leyfissamningi RIM BlackBerry-lausnar (sem var áður þekktur sem BlackBerry Hugbúnaðarleyfissamningurinn) („BBSLA“) innan þíns lögsagnarumdæmis og eins og RIM veitir þér leyfi skv. BBSLA, eins og bætt hefur verið við og breytt með þessum BlackBerry Travel-viðauka („Viðaukanum“, sem myndar ásamt BBSLA, „Samninginn“). Ef þú hefur þegar samþykkt skilmála og skilyrði BBSLA í tengslum við notkun þína á BlackBerry-lausninni þinni (eins og hún er skilgreind í BBSLA), þá MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á „ÉG SAMÞYKKI“ HÉR AÐ NEÐAN, VIÐURKENNIR ÞÚ AÐ ÞESSIR SÖMU SKILMÁLAR OG SKILYRÐI, ÁSAMT ÞESSUM VIÐAUKA, EIGI SJÁLFKRAFA VIÐ UM NOTKUN ÞÍNA Á BLACKBERRY TRAVEL. EF ÞÚ HEFUR EKKI NÚ ÞEGAR SAMÞYKKT BBSLA, MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á „ÉG SAMÞYKKI“ HÉR AÐ NEÐAN ERT ÞÚ AÐ SAMÞYKKJA AÐ VERA BUNDIN/N AF BBSLA Í TENGLUM VIÐ NOTKUN ÞÍNA Á BLACKBERRY TRAVEL OG, TIL AÐ TRYGGJA AÐ SAMRÆMDIR SKILMÁLAR EIGI VIÐ UM ALLAN ÞANN HUGBÚNAÐ SEM MYNDAR HLUTA AF BLACKBERRY-LAUSN ÞINNI, ERT ÞÚ EINNIG AÐ SAMÞYKKJA AÐ FRÁ DAGSETNINGU ÞEIRRI ER ÞÚ SMELLTIR Á „ÉG SAMÞYKKI“ HÉR AÐ NEÐAN, EIGI BBSLA VIÐ UM ALLA AÐRA ÞÆTTI BLACKBERRY-LAUSNAR ÞINNAR OG KOMI Í STAÐINN FYRIR OG TAKI VIÐ AF FYRRI HUGBÚNAÐARLEYFISSAMNINGI BLACKBERRY, AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM SLÍKIR SAMNINGAR EIGA ANNARS VIÐ.

EF ÞÚ ERT EKKI MEÐ NÚVERANDI BBSLA-SAMNING VEL TILTÆKAN, ÞÁ GETUR ÞÚ NÁLGAST HANN Á SLÓÐINNI WWW.BLACKBERRY.COM/LEGAL EÐA MEÐ ÞVÍ AÐ HAFNA SAMBAND VIÐ RIM GEGNUM LEGALINFO@RIM.COM.

BlackBerry Travel gerir mögulegan aðgang eða áskrift að ýmissi þjónustu þriðja aðila og efni þriðja aðila (hvort sem verið er að nota hugbúnað viðskiptavinar, opna gátt á netinu, eða á annan hátt) sem er í boði þriðja aðila, sem eru ekki undir stjórn RIM. Til að fá frekari fullvissu, þá felur öll ferðaþjónusta sem þú færð, eða pantanir eða færslur sem þú framkvæmir í gegnum BlackBerry Travel í sér þjónustu þriðja aðila eins og hún er skilgreind í BBSLA. Þú getur þurft að vera með nógildandi reikning til að geta nálgast ýmsa þjónustu þriðja aðila og efni þriðja aðila, og öll notkun á þjónustu þriðja aðila og efni þriðja aðila mun stjórnast af þeim skilmálum sem þú samþykkir þá eða munt samþykkja í tengslum við slíka þjónustu þriðja aðila eða efni þriðja aðila („Skilmálar söluaðila“). Þrátt fyrir slíka skilmála söluaðila, skulu ákvæði þessa samnings sem tengjast hlutum þriðja aðila milli þín og RIM ennþá eiga við og í engum tilvikum skulu slíkir skilmálar söluaðila vera bindandi fyrir RIM eða leggja á RIM frekari skuldbindingar af neinu tagi, né heldur skuldbindingar sem eru í ósamræmi við samning þennan. Þrátt fyrir alla skilmála og skilyrði í skilmálum söluaðila, samþykkir þú og sýnir að þú munir nota þjónustuna einungis fyrir sjálfa/n þig og ekki nota hana til sölu eða endursölu.

Þú viðurkennir og samþykkir að auki eftirfarandi:

- Ákvæðin í BBSLA um Samþykki upplýsingasöfnunar, þ.m.t. stefnu RIM um friðhelgi, sem vísað er í þar, sem má einnig nálgast á slóðinni <http://www.blackberry.com/legal/privacy.shtml> eða biðja um með því að senda tölvupóst á legalinfo@rim.com („Stefna um Friðhelgi”), eiga við um notkun þína á BlackBerry Travel. Ef þú býrð innan evrópska efnahagssvæðisins, samþykkir þú að flytja megi persónulegar upplýsingar sem RIM hefur safnað út fyrir evrópska efnahagssvæðið til vinnslu hjá RIM eða þriðju aðila þjónustuveitendum.
- BlackBerry Travel getur safnað, notað og gefið upp landfræðilega staðsetningu þína og upphaflegar ferðaupplýsingar til þess að gera mögulega og bæta þá þjónustu og aðgerðir sem veittar eru í gegnum BlackBerry Travel. Þetta getur falið í sér að senda upplýsingar um landfræðilega staðsetningu þína og upphaflegar ferðaupplýsingar til þriðja aðila sem eru með vörur eða þjónustu sem greiða fyrir staðsetningar- eða ferðamiðaðri þjónustu sem Þú notar gegnum BlackBerry Travel (t.d. getur þú valið að senda sjálfvirkt tölvupósta er varða skipulag ferðarinnar í BlackBerry Travel, eða ef þú ert með aðgang og reikning að félagsnetkerfi þriðja aðila getur þú valið að birta sjálfkrafa uppfærslur BlackBerry Travel á staðsetningu þinni á þeirri vefsíðu sem tengist þeim reikningi.) Þegar þú notar forrit þriðja aðila eða þjónustu á BlackBerry-lófatölvu þinni sem notar eða veitir upplýsingar um staðsetningu þína, fellur þú undir, og ættir að skoða skilmála og skilyrði slíks þriðja aðila um notkun á upplýsingum um staðsetningu með hugbúnaði eða þjónustu slíks þriðja aðila.
- Staðsetningarþjónusta BlackBerry Travel er ekki ætluð eða hönnuð sem neyðarstaðsetningarkerfi. Allar upplýsingar um staðsetningu sem veittar eru gegnum BlackBerry Travel eru ekki ætlaðar til þess að hægt sé að treysta á þær við aðstæður þar sem nákvæmra og tímabærra staðsetningarupplýsinga er krafist, eða þar sem rangar, ónákvæmar, ótímabærar eða ófullnægjandi upplýsingar um staðsetningu geta leitt til dauða, líkamstjóns, eignatjóns eða skaða á umhverfinu. RIM tryggir ekki aðgengileika, nákvæmni, ítarleika, áreiðanleika, eða tímabærni upplýsinga um staðsetningu eða nokkurra annarra upplýsinga sem birtar eru í gegnum BlackBerry Travel.

Ég samþykki

Ég samþykki ekki